

# Heilsuleikskólinn Suðurvellir

## Ársskýrsla 2021



## Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar.....	3
1.1 Leikskólinn.....	3
1.2 Viðhald .....	3
2. Skólasterfið.....	4
2.1 Starfsáætlun .....	4
2.2 Sérstakar áherslur, þróunar- og nýbreytnistörf .....	4
2.3 Hátíðir og hefðir.....	4
2.4 Sumarleyfi - jólaeyfi .....	7
2.5 Fundir .....	7
2.6 Skipulagsdagar.....	9
2.7 Mat á starfi leikskólans .....	10
2.8 Skólastarf í heimsfaraldri .....	11
2.9 Áætlanir .....	11
3. Nemendur .....	12
3.1 Fjöldi barna – aldur.....	12
3.2 Sérkennsla .....	12
3.2.1 Samráðsteymi .....	13
4. Starfsmenn .....	15

4.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun .....	15
4.2 Starfsaldur og breytingar í starfsmannahópnum .....	16
4.3 Starfsmannasamtöl .....	16
5. Foreldrasamstarf .....	17
5.1 Foreldrafundir .....	17
5.2 Foreldrafélag Suðurvalla .....	17
Í foreldrafélagi leikskólans haustið 2021 sátu: .....	17
5.3 Foreldraráð .....	18
Í foreldraráði leikskólans haustið 2021 sátu: .....	18
5.4 Foreldrasamtöl .....	18
5.5 Foreldrapátttaka .....	18
6. Upplýsingastreymi .....	19
7. Samstarf, ráðgjöf og fræðsla .....	19
7.1 Samstarfsaðilar .....	19
7.2 Símenntun .....	20
7.3 Nemar og aðrar heimsóknir .....	21
8. Að lokum .....	22

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

### 1.1 LEIKSKÓLINN

Heilsuleikskólinn Suðurvellir er rekin sem þriggja deilda leikskóli. Börnin eru á aldrinum eins árs til sex ára og hefur dvalartími þeirra verið frá fjórum klst. upp í níu og hálf klst. á dag. Leikskólinn hefur verið opinn alla virka daga frá kl. 7:30 - 17:00. Um áramót 2022 mun opnunartíminn breytast og verður frá kl 7:30-16:30. Eftir sumarlokun 2022 verður hámarksdvalartími átta og hálf klukkustund.

Deildirnar eru aldurskiptar, þær heita Lágibjalli, Lyngbjalli og Háibjalli. Í sameiginlegu rými skólans er matsalur, íþróttasalur, listaskáli og starfsmannaaðstaða.

Heildarrými skólans er 532 fermetrar og leikrými 209 fermetrar. Í reglugerðum og lögum um leikskóla er kveðið á um að hvert barn skuli hafa að minnsta kosti 3,0 m<sup>2</sup> í leikrými. Í desember 2021 voru 53 börn í skólanum sem gerir 3,9 m<sup>2</sup> á barn. Í reglugerð um starfsemi leikskóla kemur fram að miða skuli a.m.k. við 30-40 m<sup>2</sup> rými fyrir hvert barn á útileiksvæði. Lóð skólans er 2926 m<sup>2</sup> sem gerir 55,2 m<sup>2</sup> á barn.

### 1.2 VIÐHALD

Um viðhald í leikskólanum sér húsvörður leikskólans og Stóru-Vogaskóla. Vinnutilhögun er þannig háttað að starfsmenn leikskólans skrá allt nauðsynlegt viðhald á þar til gert eyðublað og húsvörður á að koma einu sinni til tvisvar í viku og vinna verkin jafnóðum. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs fær afrit af verkefnalistanum og ber ábyrgð á að viðhaldi sé sinnt. Hann setur stærri verkefni á fjárhagsáætlun í samráði við skólastjórnendur.

Stærri verk sem unnin voru á árinu:

Skipt var um loftaplötur í kaffistofu starfsmanna sem voru orðnar ónýtar eftir leka. Árið 2020 var farið í þakviðgerðir sem skiluðu árangri á nokkrum stöðum í húsinu. Þar sem enn bar á leka var vinnu framhaldið sumarið 2021 og frekari viðgerðir eru á áætlun sumarið 2022.

Þak á Dótabjalla, leikfangageymslu á útisvæði, var klætt með báru og settar voru þakrennur.

Ýmiss verk voru unnin á lóð leikskólans í sumarlokun s.s. að hreinsa beð og viðarverja timburkanta kringum þau.

Skipt var um sand í sandkassa.

## 2. SKÓLASTARFIÐ

### 2.1 STARFSÁÆTLUN

Á hverju hausti er gefin út starfsáætlun fyrir skólaárið. Í áætluninni gefur að líta stefnukort leikskólans og megin áherslur skólaársins. Auk þess inniheldur starfsáætlunin verkefnaáætlun, mælikvarða og viðmið, umbótaáætlun, yfirlit yfir þróunar- og nýbreytnistörf, símenntunaráætlun, rýmingaráætlun og viðbragðáætlun ef slys verða á börnum. Þar má einnig finna áætlun um samstarf við Stóru-Vogaskóla og skóladagatal. Starfsáætlunin var birt á heimasíðu leikskólans. Á haustmánuðum 2020 var unnin fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem byggð var á áherslum starfsáætlunar.

### 2.2 SÉRSTAKAR ÁHERSLUR, ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTÖRF

Í leikskólanum er starfað eftir Viðmiðum Heilsustefnunnar með það að markmiði að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á hreyfingu, holla næringu og listsköpun í leik og starfi. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og hæfilega hreyfingu, þá sprettur fram þörf fyrir að skapa. Einkunnarorð Suðurvalla eru: Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Helstu þróunar og nýbreytnistörf á árinu 2021 voru að efla lýðræðislega þáttöku barnanna í ákvarðanatöku í skólastarfinu.

Áfram var unnið að innleiðingu á kennsluháttum Leikur að læra.

Matsteymið vann útfærslur á mati barna og mati starfsmanna á eigin starfsháttum. Áætlun verður gerð til fimm ára.

Eftir að hafa unnið með málörvunarverkefnið Málið okkar í eitt ár var niðurstaða í mati starfsfólks og kennara að við vildum aðlaga verkefnið betur að okkar aðstæðum og er það á döfinni skólaárið 2021-2022.

Starfsfólk leikskólans sammæltist um að huga að námsumhverfi á útisvæði með það að markmiði að það yrði meira hvetjandi og ýtti undir sköpun barnanna.

Sett var á stað teymi sem kynnir sér Grænfánaverkefni Landverndar með það í huga að innleiða það á næstu misserum.

### 2.3 HÁTÍÐIR OG HEFÐIR

- Þorablót Suðurvalla var haldið miðvikudaginn 27. janúar. Það var með óhefðbundnu sniði þetta árið vegna samkomutakmarkanna. Því voru engir

gestir eins og við erum vön en börn og fullorðnir gæddu sér á Þorramat og svo voru skoðaðir gamlir munir sem fengnir voru að láni hjá Minja-og sögufélagi Vatnsleysustrandar.

- Þann 6. febrúar var dagur leikskólans, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í fjórtánda sinn. Börn og starfsfólk skólans settu upp sýningu á verkum barnanna í gluggum leikskólans í tilefni dagsins.
- 15. febrúar var Bolludagur. Þann dag var boðið upp á fiskibollur í hádegismat og rjómabollur í síðdegishressingu.
- 16. febrúar var svo komið að Sprengidegi þar sem allir borðuðu sig satta af saltkjöti og baunum að íslenskum sið.
- Á Öskudag þann 17. febrúar komu allar deildir saman í alls konar furðufötum inni í sal leikskólans. Þar var kötturinn sleginn úr tunnunni, allir fengu heimagerðan ís og síðan var haldið grímuball.
- Umferðapema var dagana 17.-21. maí. Markmiðið er að efla þekkingu barnanna á umferðarreglum og færni í að fara eftir þeim. Áhersla var lögð á umferðaröryggi og öryggisbúnað, t.d umferðarreglur og mikilvægi þess að nota bílbelti/bílstól.
- Hjóladagur var haldin 20. maí. Börnin í elsta og næst elsta árgangi komu með hjólin sín í leikskólann. Bílplaninu var lokað fyrir bílaumferð frá kl. 10:00 – 12:00. Lögreglan kom og ræddi um örugga hjólanotkun við börnin og þau fengu límmiða á hjólið sitt.
- Hefð er fyrir góðu samstarfi leik- og grunnskólans: 11.mars tók Hilmar Egill Sveinbjörnsson, aðstoðarskólastjóri Stóru-Vogaskóla, á mótum elstu börnunum og kynnti fyrir þeim starfsemi skólans. Í mars og apríl fóru elstu börnin í skólaheimsóknir í Stóru-Vogaskóla. Skólaheimsóknir eru ein leið til að brúa bilið milli skólastiganna. Á árinu funduðu kennarar beggja skólastiga reglulega um þróun og gang mála. Nemendur fyrsta bekkjar Stóru-Vogaskóla heimsóttu elstu nemendur leikskólans einu sinni á árinu, þ.e. í maí.
- Umhverfisvika leikskólans var að venju fyrstu viku júní mánaðar. Þá viku eru starfsfólk og börn að gera skólalóðina snyrtilega. Einnig komu kennarar, börn og foreldrar saman eftir að skólastarfi lauk 1. júní og snyrtu til á lóðinni, settu niður sumarblóm og fleira. Allir borðuðu svo súpu í boði leikskólans að vinnu lokinni.
- Útskriftarferð elstu barna: Elstu börn leikskólans fóru í útskriftarferð þann

26. maí. Farið var með rútu upp í Háabjalla. Þar dvaldi hópurinn allan daginn og prófaði klettaklifur, veiddi síli í Snorrastaðatjörnum, lék sér í skóginum, grillaði pizzur og margt fleira. Einnig gróðursettu börnin tré í leikskólalundi sem er á Háabjalla en það hafa útskriftarnemendur gert frá árinu 2004. Gróðursetningin er í samstarfi við Skógræktarfélagið Skógfell. Þegar líða tók að lokum leikskóladagsins gengu börn og kennarar aftur til baka í leikskólann. Það er nýlunda að verja deginum í Háabjalla en verður líklega endurtekið í næstu útskriftarferð þar sem mikil ánægja var með ferðina bæði hjá börnum og fullorðnum.

- Þann 27. maí var haldin útskriftarathöfn sem foreldrar útskriftarnemendanna voru viðstaddir. Við athöfnina sungu börnin og svo voru þau útskrifuð með viðhöfn af stjórnendum leikskólans. Að vanda var þetta falleg og hátíðleg stund
- Sumarhátíð leikskólans var miðvikudaginn 23. júní. Börnin skreyttu lóð leikskólans með veifum og listaverkum, foreldrum var boðið að koma um kl. 13:30 og var þátttaka mjög góð. Foreldrafélagið bauð upp á sýningu frá Leikfélagi Keflavíkur. Að lokum var boðið upp á sólskinsdrykk, ávexti og muffins. Almenn ánægja var með sumarhátíðina og mjög góð mæting foreldra að vanda.
- Þann 8. júní og 30. ágúst voru íþróttadagar hér í leikskólanum. Tekin voru út áhöld til íþróttaiðkunar og einnig var boðið upp á Leikur að læra verkefni á útisvæði.
- Alþjóðlegur dagur læsis var 8. september. Sameinuðu þjóðirnar gerðu þennan dag að alþjóðadegi læsis árið 1965. Á þessum degi er fólk, hvar sem er í heiminum, hvatt til þess að skipuleggja læsis- og lestrarviðburði. Þennan dag eins og aðra var lestri gert hátt undir höfði í leikskólanum.
- 9. október er afmæli leikskólans. Þetta árið bar hann upp á laugardegi. Leikskólinn okkar varð 30 ára á þessu ári. Að því tilefni var ákveðið að í samstarfi við Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar að setja upp sögusýningu í Skólasafninu í Norðurkoti. Þetta var gert í tengslum við Safnahelgi á Suðurnesjum helgina 16.-17. október.
- Alþjóðlegur bangsadayur er 27. október. Að þessu sinni var ekki hægt að koma með bangsa að heiman sökum sóttvarna en kennarar lásu bangsasögur og börnin teiknuðu bangsamyndir og dagurinn var helgaður böngsum.
- Dagur íslenskrar tungu mánudaginn 16. nóvember. Í leikskólanum leggjum

við rækt við íslenska tungu og leggjum okkur fram við að vanda mál okkar. Börn læra það sem fyrir þeim er haft og því mikilvægt að foreldrar og kennarar hafi vandað málfar fyrir börnum. Þennan dag var söngsund í sal og kór elstu barnanna söng kvæði Jónasar Hallgrímssonar Buxur, vesti brók og skó.

- Jólasöngstund var alla morgna í desember, börn og starfsfólk komu saman í sal leikskólans og sungu nokkur jólalög.
- Þriðjudaginn 7. desember var piparkökubakstur. Þá bökuðu börnin piparkökur sem þau fóru svo með heim og nutu með fjölskyldunni.
- Á aðventunni er hefð fyrir því að elstu börn leikskólans heimsæki Sivertsenhús í Hafnarfirði. Farið var með hópinn þann 14. desember. Safnakennari leiddi börnin gegnum sýninguna sem er áhugaverð og skemmtileg fyrir börn. Einnig kom Ketkrókur í heimsókn og spjallaði við hópinn. Ferðin endaði svo á kaffihúsinu Pallett í Hafnarfirði þar sem börnunum var boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur.
- Foreldrafélag leikskólans bauð börnunum upp á leiksýninguna Björt og jólasveinarnir miðvikudaginn 15. desember.
- Litlu jólin voru föstudaginn 17. desember. Þann dag var haldið jólaball í sal leikskólans. Jólasveinn með kíkí í heimsókn og færði börnunum gjafir frá foreldrafélagi leikskólans. Hátíðarmatur var á borðum en boðið var upp á hangikjöt og meðlæti að íslenskum sið í hádeginu. Í síðdegishressingu var svo boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma og jólasnákökur.

#### 2.4 SUMARLEYFI - JÓLALEYFI

Leikskólinn var lokaður í 5 vikur (24 virka daga), frá 5. júlí til 9. ágúst 2021. Mánudagurinn 9. ágúst var skipulagsdagur og börnin mættu að loknu leyfi þann 10. ágúst.

Leikskólinn var lokaður milli jóla- og nýárs og tók starfsfólk þá út hluta af styttingu vinnuvikunnar. Þetta var lagt til af starfsfólki eftir að hafa gert endurmat á styttingunni í maí.

#### 2.5 FUNDIR

**Morgunfundir** voru alla virka daga kl. 8:15-8:30, þá sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, og deildarstjórar. Á þessum fundum skipuleggja stjórnendur hvar starfsmenn sem sinna afleysingu starfa dag hvern í samræmi við forföll starfsfólks og undirbúnings leikskólakennara. Einnig er þessi tími nýttur til að koma upplýsingum á framfæri. Deildarstjórar skrá allar upplýsingar og



dagskipulagið í dagbækur deilda og starfsmenn nálgast þannig upplýsingar er varða deildina.

**Stjórnendafundir** voru haldnir tvisvar í mánuði frá kl. 9:00-9:45. Á stjórnendafundum eru stærri málefni tekin fyrir sem varða samvinnu milli deilda og skipulag starfsins.

**Deildarfundir**, hver deild fundaði þriðju til fjórðu hverja viku á vorönn. Á haustönn var gerð breyting á þar sem deildarfundir voru settir á skipulagsdaga og fær þá hver deild tvo tíma í deildarfund. Farið var yfir barnahópin og starfið á deildinni. Stjórnendur lögðu áherslu á að deildir skiluðu inn fundagerðum og að allar deildir lesi fundagerðirnar. Þetta varð til að efla upplýsingaflæði milli deilda.

**Sérkennslustjóri**, fundaði nokkrum sinnum á árinu með sérkennslustjórum í Suðurnesjabæ. Sérkennslustjóri sat alla teymisfundi sem varða börn með greiningar en þessir fundir eru að jafnaði á sex til átta vikna fresti. Foreldrar og deildarstjóri viðkomandi barns auk kennsluráðgjafa frá Skólaþjónustu Suðurnesjabæjar sitja þessa fundi. Sérkennslustjóri nýtur auk þess tálkaþjónustu á teymisfundum sem viðkoma tvítyngdum börnum.

**Samráðsfundir** leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum en þó að lágmarki einu sinni í viku.

**Fundir samráðsteymis** voru að jafnaði einu sinni í mánuði, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri sitja þessa fundi. Fundinum er ætlað að fara yfir mánaðarskýrslu sérkennslustjóra. Einnig fundaði teymið eftir þörfum þegar málefnum nemenda var vísað til úrlausnar. Þá sat deildarstjóri þeirrar deildar einnig fundinn.

**Forstöðumannafundi** situr leikskólastjóri ásamt bæjarstjóra og forstöðumönnum deilda. Fundað var eftir þörfum.

**Eldhúsfundir**, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, matráður og aðstoðarmatráður funduðu mánaðarlega á árinu til þess að samstillta innkaup, fara yfir matseðla og ræða ábendingar sem koma frá starfsmannahópnum. Innleiðing nýrra matseðla hefur gengið mjög vel.

**Starfsmannafundir** tveir starfsmannafundir voru á árinu. 22. febrúar og 31. ágúst. Fundirnir voru notaðir til að meta skólastarfið og svo komu Elín Hlíf Helgadóttir mannauðsráðgjafi sveitarfélagsins með kynningu á hlutverki sínu og Kristín Einarsdóttir hjá Leikur að læra með hausthvatningu.

**Fagfundir** voru ekki á árinu.

**Teymisfundir** voru eftir þörfum hvers teymis. Starfandi teymi árið 2021 voru, öryggisfulltrúar, matsteymi, næringarteymi, Leikur að læra teymi og samráðsteymi.

**Fundur vegna samstarfs leik –og grunnskóla** – fundað var tvisvar á árinu. Annar fundurinn var til að setja saman áætlun fyrir samstarf skólaárið 2021-2022 en hinn var vegna skólaskila þar sem skilað er upplýsingum sem lögum samkvæmt fylgja börnum milli skólastiga.

**Aðalfundur Samtaka Heilsuleiksskóla** – var haldinn rafrænt þetta árið þann 27. maí. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og einnig var rætt um matseðla, rafræna heilsubók og námskeið fyrir starfsfólk heilsuleiksskóla.

**Fundur skólastjórnenda** fræðslustjóri fundaði að meðaltali mánaðarlega með stjórnendum í leikskólum í Suðurnesjabæ og Vogum. Oftast var um netfundi að ræða en einnig voru nokkrir haldnir á skrifstofu skólaþjónustunnar í Suðurnesjabæ.

**Fundur vegna nemenda með annað móðurmál** Stofnað var teymi hjá skólaþjónustunni þar sem allir skólarnir eiga fulltrúa. Þar er fjallað um kennslu nemenda með annað móðurmál og hvernig hægt sé að styðja þá sem best í námi. Þetta teymi fundaði þrisvar sinnum á árinu.

## 2.6 SKIPULAGSDAGAR

Skipulagsdagar voru sex á árinu. Þessa daga sinnir starfsfólk m.a. símenntun, áætlanagerð og mati á skólastarfi.

- Fyrsti skipulagsdagur ársins var 15. janúar. Þennan dag gaf sveitarfélagið starfsfólki leikskólans frí í þakklætisskyni fyrir ósérhlífni í starfi í heimsfaraldri.
- Skipulagsdagur 25. mars var með óhefðbundnum hætti vegna samkomutakmarkanna. Skipta þurfti starfsmannahópnum í tvennt og vinna á Teams. Þennan dag voru fræðsluerindi um lýðræði í leikskólastarfi og um vísindaleiki í leikskóla sem kennarar í skólanum fluttu. Einnig var starfsfólk í vinnu við mat á skólastarfi og áætlanagerð.
- Þriðji skipulagsdagur ársins var 14. maí. Þennan dag vann starfsfólk að mati og umbótavinnu. Einnig var rætt um skapandi starf og fjölbreyttan efnivið á útisvæði. Farið var yfir það sem var framundan og lagt mat á liðna viðburði. Kynntar voru niðurstöður úr starfsmannakönnun skólapúlsins og farið yfir skóladagatal næsta skólaárs.

- Fjórði skipulagsdagur ársins var 9. ágúst. Þann dag er verið að undirbúa starf vetrarins. Farið var yfir starfsáætlun og markmið skólaársins. Kynning á Einstaklingsáætlunum og snemmtækri íhlutun auk niðurstaðna úr Efi-2 málþroskaskimun. Fyrirlestur Thelmu Rúnar næringarfæðings um bragðlaukþjálfun var af lykli sem er gjöf frá Samtökum heilsuleikskóla. Svo kom Sigríður Hulda Jónsdóttir frá SHJ ráðgjöf með fyrirlesturinn Efling gleðinnar.
- Fimmti skipulagsdagurinn var 8. október. Þann dag var Elín Hlíf mannauðsráðgjafi sveitarfélagsins með fyrirlesturinn Aukin vellíðan í starfi og leik. Farið var yfir teymi leikskólans og gerð fundaráætlun fyrir þau, verkaskipting stjórnenda var kynnt og farið yfir rýmingaráætlun skólans. Starfsfólki var kynnt innra eftirlit í eldhúsi sem næringarteymið vann.
- Síðasti skipulagsdagur ársins var 24. nóvember. Áætlað hafði verið að hann væri að hálfu sameiginlegur með leikskólunum í Suðurnesjabæ þar sem skólarnir kynntu verkefnið Málið okkar. Vegna sóttvarna var ákveðið að ekki væri hægt að hafa sameiginlegan skipulagsdag að þessu sinni en það reynt síðar þegar betur áraði. Við fengum Elínu Hlíf mannauðsráðgjafa til okkar að fara yfir styrkleika og samskipti á vinnustöðum. Einnig var farið yfir læsisáætlun Suðurvalla og eineltisáætlunina okkar. Fylgiskjöl með Heilsubók barnsins voru kynnt og einnig sú vinna sem hafin er með fjölskyldusviði Suðurnesjabæjar vegna nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Að lokum voru svo umræður um fyrirhugaða námsferð starfsfólks vorið 2022.

## 2.7 MAT Á STARFI LEIKSKÓLANS

Mat er tæki til að draga fram styrkleika í starfi auk þess að koma auga á það sem betur má fara. Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna markvisst að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Eftirfarandi þættir voru liðir í innra mati leikskólans á árinu.

**Mat starfsfólks:** Níu þættir lágu til grundvallar í matstækinu Viðmið og vísbendingar þetta árið. Það voru þættirnir Innra mat, Fagmennska starfsfólks, Hlutverk leikskólakennara, Skipulag náms og námsaðstæður, Uppeldi, menntun og starfshættir, Leikur og nám, Námssvið leikskólans, Faglegt samstarf og Skólanámsskrá. Það sem ekki náð viðmiðum var sett í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

**Skráningar í Heilsubók barnsins:** Skráningar fóru fram í febrúar og október 2021. Heilsubók barnsins hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi proska

og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barna og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þeirra í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun og áhugasvið barnanna. Nýir nemendur fá nú Heilsubók í rafrænu formi.

**Hljóm-2 próf:** Að hausti 2021 voru tekin Hljóm-2 próf á elstu börnum leikskólans. Prófinu er ætlað að kanna hljóðkerfisvitund barnanna. Þau börn sem komu út með slaka færni voru send í athugun hjá talmeinafræðingi auk þess sem unnið var sérstaklega með þá þætti sem komu slakir út á deild barnanna.

**TRAS:** Er skráning á málþroska barna 2-5 ára. Skráningar eru á sex mánaða fresti og með þeim fá kennarar góða mynd af málþroska barnsins, málnotkun, samskiptum og hlustun. Með því að fylgjast náið með framvindu málþroska er auðveldara að grípa til viðeigandi íhlutunar ef barn þarf á að halda.

**EFI-2:** Er málþroskamát sem ætlað er að meta málskilning og máltjáningu. Hér í leikskólanum prófum við öll 3,4 ára börn. Markmiðið með þessari skimun er að finna þau börn sem eru með slaka færni í þessum þáttum og setja af stað markvissa þjálfun í samstarfi við foreldra.

Starfsfólk lagði einnig mat á styttingu vinnuvikunnar sem var sett á um áramót 2021 í kjölfar nýrra kjarasamninga.

## 2.8 SKÓLASTARF Í HEIMSFARALDRI

Árið 2021 einkenndist af skerðingum og samkomutakmörkunum í heimsfaraldri. Ekki var farið aftur í að skipta hópum niður eins og árið 2020 en mikið var um að takmarka þurfti aðkomu foreldra í leikskólann og grímunotkun. Þó nokkuð af viðburðum var felld niður og erum við enn að því árið 2022. Aldrei þurfti þó að senda börn heim og leikskólinn var opinn alla daga eins og áætlað var í skóladagatali.

Starfsfólki var boðin bólusetning vorið 2021 og svo voru nokkrir sem fengu örvunarskammt í desember.

## 2.9 ÁÆTLANIR

Gerðar voru ýmsar áætlanir á árinu. Þar má nefna:

**Innra eftirlit í eldhúsi** sem er áætlun um allt sem viðkemur hollustuháttum í meðförum matvæla í skólaeldhúsi.

**Viðbraðsáætlun ef til rýmingar kemur.** Þessi áætlun var gerð þegar eldsumbrot voru yfirvofandi og tekur hún á því hvernig áætlað er að standa að rýmingu skólans. Í henni eru hlutverk allra skilgreind og gefur hún greinagóðar upplýsingar sem nýtast ef á þarf að halda.

**Handbók um móttöku barna með íslensku sem annað móðurmál.** Þessi handbók nýtist þegar börn með annað móðurmál en íslensku hefja skólagöngu. Einnig var útbúinn spurningalisti sem lagður er fyrir alla foreldra barna við upphaf leikskólagöngu. Sá listi leysir aðra lista af hólmi og gerir nauðsynlega gagnaöflun auðveldari.

### 3. NEMENDUR

#### 3.1 FJÖLDI BARNNA – ALDUR

Í leikskólanum voru í desember 2021 54 börn. Þau eru fædd á tímabilinu 2016-2020. Skipting milli árganga var eftirfarandi:

- 8 börn fædd 2016
- 16 börn fædd 2017
- 10 börn fædd 2018
- 10 börn fædd 2019
- 10 börn fædd 2020

Kynjahlutfall: Drengir í námi voru 29 og 25 stúlkur.

#### 3.2 SÉRKENNSLA

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri og einn sérkennari.

Börn sem nutu sérkennslu í desember 2021 voru:

Barn fætt	Flokkur	Greiningaraðili	Stöðugildi
2015	Einhverfa	Greiningarstöð	0,38
2015	Væg þroskahömlun	Greiningarstöð	0,38

Barn fætt	Flokkur	Greiningaraðili	Stöðugildi
2015	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2015	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2016	Einhverfa	Greiningarstöð	0,38
2016	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2015	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2018	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1

### 3.2.1 SAMRÁÐSTEYMI

Samráðsteymi tekur við öllum tilvísunum vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika. Samráðsteymi fjallar einnig um foreldrasamskipti og málefni einstakra deilda er tengjast barnahópum eða starfsmönnum.

Teymið metur þörf fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara) vegna tilfinninga og/eða þroskavanda og samþykkir að gerð verði tilvísun þar sem það á við. Vísar málefnum einstakra barna til frekari úrlausnar innan leikskóla eða í önnur úrræði sem leikskólinn hefur. Vinnur og afgreiðir tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.

Í samráðsteymi sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri og deildarstjóri þeirrar deildar er málið varðar. Fundir eru að lágmarki einu sinni í mánuði og oftar ef þörf er á.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi samráðsteymis í leikskólanum er að finna í töflu hér neðar, þar má sjá fjölda mála sem komu til kasta teymis, kynjaskiptingu mála, aldursdreifingu og tegundir mála.

<b>Lykiltölur</b>	<b>2021</b>
Fastur fjöldi starfsmanna í samráðsteymi leikskólans	2
Fjöldi funda í samráðsteymi leikskólans	20
<b>Staða leikskólateymismála:</b>	
• Nýtt á árinu	8
• Framhald frá síðasta ári	3
<b>Tilurð Mála:</b>	
• Foreldrar	2
• Starfsfólk skóla	9
• Aðrir	
<b>Aldur leikskólabarna sem mál tengjast hverju sinni:</b>	
• 1-2 ára	1
• 2-3 ára	4
• 3-4 ára	5
• 4-5 ára	
• 5-6 ára	1
<b>Tegundir mála:</b>	
• Þroskavandi	1
• Hegðunarvandi	2
• Málþroskavandi	7
• Félagslegir erfiðleikar	

• Barnahópur	
• Einelti	
• Samskiptavandi (foreldrar/starfsmenn)	
• Samskiptavandi (starfsmenn/starfsmenn)	
• Annað	2
Skipting samráðsteymismála eftir kynjum í einstaklingsmálum:	
• Drengir	8
• Stúlkur	3

#### 4. STARFSMENN

##### 4.1 FJÖLDI STARFSMANNA, STÖÐUGILDI OG MENNTUN

Stöðugildi við leikskólann í desember 2021 voru alls 17,69 þar af eru stöðugildi vegna ræstinga og eldhúss 2,57. Stöðugildi við stjórnun og kennslu eru 15,12 og skiptast þannig:

Kennarar í 5,5 stöðugildum sem er 36,3% en samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 95/2019 eiga að lágmarki 2/3 hluti stöðugilda að vera kennarar. Því lágmarki hefur því miður ekki verið náð.


Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed próf í leikskólakennarafræðum í 1 stöðugildi

Aðrir starfsmenn í 8,62 stöðugildum.



## 4.2 STARFSALDUR OG BREYTINGAR Í STARFSMANNAHÓPNUM

Starfsaldur er eftirfarandi, sjá graf:



**Á árinu urðu eftirfarandi breytingar í starfsmannahópnum:**

### Starfsmenn sem hættu á árinu

- Einn starfsmaður í 100% stöðugildi lét af störfum vegna annarra atvinnutækifæra.
- 2 starfsmenn sem voru með tímabundna ráðningu.

### Ráðningar á árinu

- Einn kennari var ráðinn í 49% starfshlutfall
- Einn starfsmaður var ráðinn í 54% starfshlutfall
- Einn starfsmaður var ráðinn til starfa í afleysingar í 100% starfshlutfall

Einnig kom inn sumarstarfsmaður í 100% starf í nemaúrræði Vinnumálastofnunar.

## 4.3 STARFSMANNASAMTÖL

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars. Hópnum var skipt í tvennt og tók leikskólastjóri helming og aðstoðarleikskólastjóri helming. Að þessu sinni var aðal

áherslan á liðan starfsmanna á erfiðum tímum og einnig að kanna hug fólks til áframhaldandi starfa í leikskólanum.

Í nóvember fóru svo allir starfsmenn aftur í samtöl hjá leikskólastjóra til að kanna liðan og hvernig starfið færi af stað á nýju skólaári.

Nýir starfsmenn fóru í viðtal hjá leikskólastjóra við starfsráðningu og aftur að tveimur mánuðum liðnum, en það er liður í móttökuáætlun nýrra starfsmanna leikskólans. Auk þess fundar deildarstjóri með nýjum starfsmönnum til að fara yfir frammistöðu nýliða og til að veita tækifæri til þess að spyrja spurningar sem varða starfið á deildinni.

## 5. FORELDRASAMSTARF

### 5.1 FORELDRAFUNDIR

Þann 30.júní 2021 var haldin kynningarfundur fyrir foreldrar barna sem hófu leikskólagöngu sína haustið 2021. Tilgangur fundarins er að fara yfir gagnlegar upplýsingar, benda á fræðslurit skólans og kynna Heilsustefnuna, Heilsubók barnsins og helstu áherslupætti skólans.

Þann 22. september var fræðslufundur fyrir foreldra þar sem Vaka Rögnvaldsdóttir doktor á mennta-og lýðheilsusviði HÍ var með erindi um mikilvægi svefnis.

### 5.2 FORELDRAFÉLAG SUÐURVALLA

Uppákomur foreldrafélagsins á árinu voru eftirfarandi: Atriði frá Leikfélagi Keflavíkur á sumarhátíð, myndataka elstu barnanna og gjöf til útskriftarnema. Foreldrafélagið gaf jólagjafir til barnanna á jólaskemmtun leikskólans og bauð börnunum upp á leiksýninguna Björt og jólasveinarnir í leikgerð Þórdísar Arnljótsdóttur

Lítið var um fundi á árinu sökum heimsfaraldurs en fulltrúar félagsins höfðu samskipti sín á milli. Á aðalfundi félagsins 22.september var kjörin ný stjórn.

### Í FORELDRAFÉLAGI LEIKSKÓLANS HAUSTIÐ 2021 SÁTU:

Bríet Sunna Valdemarsdóttir, gjaldkeri

Elísa Fönn Grétarsdóttir, formaður

Bjarki Þór Wíum Sveinsson, ritari

Anna Karen Gísladóttir, meðstjórnandi

Inga Sigrún Baldursdóttir, meðstjórnandi

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir, fulltrúi leikskólans

### 5.3 FORELDRARÁÐ

Einungis var haldinn einn fundur í foreldraráði á vorönn. Þar var aðallega rætt um viðhaldsverkefni á húsnæði leikskólans. Virkni ráðsins var mjög lítil.

Á foreldrafundi 22.september var kjörið í nýtt foreldraráð. Það sem af er setu nýs ráðs hefur það að mestu fjallað um breytingar á opnunartíma leikskólans og breytingum á hámarks dvalartíma barna sem ákveðin var í bæjarstjórn fyrr á árinu.

## Í FORELDRARÁÐI LEIKSKÓLANS HAUSTIÐ 2021 SÁTU:

Lauma Gulbe, formaður

Magnea G. Frandsen, ritari

Agnieszka Ewa Ziolkowski, meðstjórnandi

Rebekka Riviere Magnúsdóttir, meðstjórnandi

María Hermannsdóttir leikskólastjóri, fulltrúi leikskólans

### 5.4 FORELDRASAMTÖL

Foreldrasamtöl fóru fram tvisvar sinnum á árinu. Farið var yfir Heilsubók barnsins og skráningar á TRAS. Samtölin fóru að þessu sinni fram bæði í leikskólanum og einnig voru nokkrir sem vildu ýmist símtal eða samtal gegnum fjarfundarbúnað.

### 5.5 FORELDRAPÁTTAKA

Á hverju ári hvetjum við foreldra til þess að taka þátt í skólastarfinu með einhverjum hætti. Þátttaka í viðburðum hefur verið mjög góð og gaman að foreldrar sýni starfi skólans áhuga. Þó voru viðburðir nú mun færri en annars hefði verið vegna sóttvarna.

Eitt af verkefnum Leikur að læra er foreldraverkefnið „á leið inn. Það er lítið verkefni sem börn og foreldrar vinna í fataherbergi á leið inn að morgni. Þessi verkefni eru á dagskrá tvisvar í viku, þrjá mánuði á önn. Í september, október og nóvember vorum við með þessi verkefni og þátttakan var frábær og allir ánægðir, bæði börn og foreldrar. Við munum fara aftur af stað með foreldraverkefnin um leið og hægt verður vegna takmarkanna.

## 6. UPPLÝSINGASTREYMI

Heimasíða leikskólans er okkar helsti upplýsingamiðill. Þar er m.a. að finna námskrá leikskólans, starfsáætlanir, skýrslur, fréttir af starfinu o.fl. Einnig nýtum við okkur upplýsingatöflur í fataherbergjum leikskólans til að koma skilaboðum áleiðis til foreldra.

Á árinu sendi leikskólastjóri tölvupósta til foreldra með það að markmiði að upplýsa foreldra um ýmislegt og minna á stærri viðburði.

Karellen appið hefur verið góð vibót við samskiptaleiðir við foreldra og er þar hægt að senda fjöldapóst og einstaklingsskilaboð til foreldra eftir því sem við á.

Starfsmannapóstur var útgefinn vikulega þar komu fram helstu upplýsingar um vikuna framundan og tilkynningar um ýmis mál. Skrifað var daglega í dagbækur til að upplýsa starfsfólk um skipulag frá degi til dags. Fundagerðir eru skrifaðir fyrir alla starfsmanna-, deildar og stjórnendafundi og eru aðgengilegir fyrir starfsmenn að lesa.

## 7. SAMSTARF, RÁÐGJÖF OG FRÆÐSLA

### 7.1 SAMSTARFSADILAR

- Sveitarfélagið Vogar er með þjónustusamning við Skólajónustu Suðurnesjabæjar. Þar höfum við aðgang að kennsluráðgjafa, fáum þjónustu talmeinafræðings og sálfræðings og höfum verið í góðri samvinnu við deildarstjóra fræðsluþjónustu.
- Skólustjórnenda fundir hafa verið reglulega svo og sérkennslustjórafundir og fundir um ýmis málefni sem varða skólana sameiginlega.
- Samstarf var við Fjölskyldu og velferðarnefnd Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga en fulltrúar þaðan hafa setið í teyllum vegna málefna barna með sérþarfir.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið í samtarfi við leikskólann vegna skimunartækja þeirra Briegance og PEDS, en með samþykki foreldra fær leikskólinn tilkynningu um hugsanleg frávík hjá börnum.
- Leikskólinn hefur nýtt sér túlkajónustu frá ýmsum túlkajónustum.
- Opin kerfi sjá um tölvu þjónustu og hýsingu gagna.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við Stóru-Vogaskóla þar sem unnið er að því að brúa bilið milli skólastiga. Innan þess verkefnis hefur samstarf verið

við aðrar stofnanir í sveitarfélaginu s.s Lestrarfélagið Baldur, íþróttahúsið, frístund, Álfagerði og bæjarskriftstofuna.

- Samstarf hefur verið við Skóræktarfélagið Skógfell, en útskriftarhópurinn ár hvert gróðursetur tré í trjálundi leikskólans við Háabjalla.
- Brunaeftirlit Suðurnesja sér um brunavarnir og rýmingaræfingar sem fara fram í leikskólanum. Á skóladagatali er rýmingaræfing í samræmi við ráðleggingar brunaeftirlitsins þriðja hvert ár. Hún var haldin þriðjudaginn 7.september. Brunaeftirlitið hefur sent fulltrúa í leikskólann með fræðslu fyrir elstu börnin, verkefnið heitir Logi og Glóð.
- Sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs hefur séð um stærri viðhalds verkefni við leikskólann sem og leikskólalóðina.
- Samstarf við Stóru-Vogaskóla um vinnuskipulag húsvarðar, en húsvörður sinnir minniháttar viðhaldi hjá báðum stofnunum.
- Leikskólinn er meðlimur í Samtökum Heilsuleikskóla og fá leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri boð á aðalfund einu sinni á ári.
- Leikskólinn hefur í mörg ár boðið eldri borgurum í sveitarfélaginu til Þorablóts sem haldið er í janúar en að þessu sinni var ekki hægt að taka á móti gestum sökum sóttvarna og samkomutakmarkanna. Kór elstu barnanna fór í heimsókn í Álfagerði fyrir jólin og söng nokkur jólalög. Börnin fóru þó ekki inn heldur sungu á balli fyrir utan salinn og heimilisfólk kom út í hurð að hlusta.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum, en hún hefur komið til okkar með fræðslu um umferðaröryggi fyrir elstu börnin í lok maí. Lögreglan hefur einnig komið og skoðað hjól barnanna á hjóladeginum og svo hefur Lúlli löggubangsi komið með umferðarfræðslu fyrir öll börn leikskólans. Þetta árið var þó ekki fræðsla frá Lögreglunni og Lúlla vegna sóttvarna en tveir lögreglumenn komu á hjóladaginn í maí og töluðu við elstu börnin um umferðaröryggi..

## 7.2 SÍMENNTUN

Á árinu hefur símenntun verið háttáð með eftirfarandi hætti:

- Sérkennari sat námskeið á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um einhverfu og skildar raskanir.
- Leikskólastjóri sat námskeið á vegum sveitarfélagsins um jafnlaunavottun.

- Skólastjórnendur hlustuðu á í streymi fyrirlestur Eypórs Eðvaldssonar um stjórnun á umrótartímum. Félag stjórnenda í leikskólum stóð fyrir fyrirlestrinum.
- Deildarstjóri fór á námskeið Endurmenntunar HÍ, Leikskóli fyrir alla.
- Sérkennslustjóri og deildarstjóri Háabjalla sátu vörðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Ráðstefnan bar að þessu sinni heitið Börn með fatlanir - viðhorf og valdefling.
- Skólastjórnendur hlustuðu á erindi Önnu Ólafsdóttur um starfsumhverfi og starfsánægju.
- Allir starfsmenn skólans tóku þátt í rýmingaræfingu sem haldin var af Brunaeftirliti Suðurnesja.
- Skólastjórnendur og deildarstjórar sátu fjarnámsskeið á vegum Karellen.
- Trúnaðarmaður leikskólakennara sat trúnaðarmannanámskeið á vegum FL.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sátu vinnudag í Suðurnesjabæ um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Vinnudagurinn var haldinn af Skólþjónustu Suðurnesjabæjar.
- Trúnaðarmaður starfsmanna sat námskeið fyrir trúnaðarmenn á vegum Starfsmannafélags Suðurnesja.
- Allir starfsmenn hlustuðu á fyrirlestur Thelmu R. Rúnarsdóttur næringarfræðings Samtaka heilsuleikskóla um bragðlaukaþjálfun.
- Allir starfsmenn sátu erindi Sigríðar Huldu Jónsdóttur hjá SHJ ráðgjöf um eflingu gleðinnar.
- Leikskólastjóri sat kynningarnámskeið Landverndar um Skóla á grænni grein.
- Öryggisteymi leikskólans og leikskólastjóri fóru á fyrirlestur Vinnueftirlitsins.
- Elín Hlíf Helgadóttir Mannauðsráðgjafi sveitarfélagsins hélt tvö erindi á skipulagsdögum sem allir starfsmenn leikskólans sátu. Annað var um aukna vellíðan í starfi og leik en hitt um styrkleika og samskipti.

### 7.3 NEMAR OG AÐRAR HEIMSÓKNIR

Einn kennari stundaði framhaldsnám á Menntavísindasviði HÍ á árinu

Tveir starfsmenn stunduðu leikskólakennara nám við Keili á vorönn og í HÍ á haustönn.

## 8. AÐ LOKUM

Í þessari skýrslu hefur verið tekið saman það helsta í starfi leikskólans síðastliðið ár. Þetta ár, eins og árið í fyrra, hefur verið erfitt á margan hátt. Takmarkanir á samkomum, sóttvarnir og áhyggjur af eigin heilsu og annarra hefa einkennt árið. Allir voru þó vongóðir fyrri hluta ársins og vonuðu að bólusetningar gætu stöðvað heimsfaraldurinn og fært okkur aftur lífið sem við þekktum en eins og ljóst er orðið var málið ekki svo einfalt. Við horfum þó bjartsýn fram á veginn og vonum það besta. Allir hafa lært mjög mikið á þessu skólaári þar sem ekki einungis heimsfaraldur setti hlutina í uppnám heldur fengum við miklar jarðhræringar sem lauk svo með eldgosi í bakgarðinum hjá okkur. Börn og starfsfólk hafa öllum stundum gert það besta úr öllum hlutum, hvort sem er vegna hertra sóttvarnatakmarkanna, stórra jarðskjálfta eða mengunar frá gostöðvum. Við þökkum starfsfólki leikskólans enn og aftur fyrir þrautseigju, sveiganleika og jákvæðni á erfiðum tímum á árinu.

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir tók saman ársskýrslu 2021.

Vogum, febrúar 2021.

---

María Hermannsdóttir, leikskólastjóri

---

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir,  
aðstoðarleikskólastjóri